

Heiti verkefnis: Baunadósín

Nafn styrkþega: The Tin Can Factory (co. Tungumálaskólinn ehf.)

Útdráttur:

Stofnaður var leikhópur og kór fyrir tvítyngda eða fleirtyngda. Ólafur Guðmundsson leikari og leiklistarkennari sá um leiklistarþáttinn og Egill Gunnarsson tónskáld og kórstjóri sá um kórstarfið. Starfað var í 3 mánuði og var unnið jöfnum höndum með leik og söng. Fólk vann töluvert með íslensk lög sem voru svo fléttuð inn í leiksýninguna, en þar var byggt m.a. á íslenskum þjóðlögum. Leikhópurinn vann með allt frá grunnorðaforða (vegna þess að sumir þátttakendur voru byrjendur í íslenskunámi) til flókinna samtala, unnið var með líkamstjáningu og hópefli og dansari hópsins lagði til ýmiss konar dansefni. Skrifað var handrit byggt á þjóðsögunni Huldumannagenesis og var unnið með það í leikhópnum í spuna, söng og dansi. Þátttakendur unnu sjálfir með leikbúninga og leikmynd út frá rýminu sem þau höfðu til sýningarinnar. Leikritið var frumsýnt 30. nóvember í húsnæði The Tin Can Factory og önnur sýning verður 1. febrúar og þá mun næsta leiktíð hefjast.

Verkefnið tókst í alla staði mjög vel og þessi þróunarvinna mun nýtast vel á næstu önn, en Baunadósín mun verða starfrækt á grunni hennar fram á vor og stefnt á annað frumsamið leikrit í útfærslu Baunadósarinnar.

Project Title: The Peas Can – at The Tin Can Factory

Name of Grantee: The Tin Can Factory (co. Tungumálaskólinn ehf. Skoli.Eu)

Abstract:

We founded a theater group and a choir for bilingual people. Ólafur Guðmundsson, actor and drama teacher, and Egill Gunnarsson, composer and choir conductor, were in charge of the project. We worked together for three months, ending with performing our own version of the Icelandic folk tale „The Genesis of the Elves“. The project was challenging and we are very happy with the results and we will continue with the Peas Can in spring semester 2014 perform a brand new multicultural play also based on Icelandic culture and history.